

**Fundargerð 102. fundar félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn á ZOOM – netfundi þriðjudaginn 6. október 2020, kl. 15.00**

Mættir til fundar:

Sandra B. Franks, formaður SLFÍ
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Svæðisdeild höfuðborgarsvæðisins
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, Suðurnesjadeild, varamaður
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild, formaður
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn
Þórhildur Una Stefánsdóttir formaður Reykjavíkurdeildar

Fjarverandi:

Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Upplýsingar um fundaröð félagstjórnar á tímum Covid - 19
4. Greiðslur vegna fundarsetu
5. Kjarasamningar - upplýsingar um innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar

6. **Aðalfundir deilda - samtal um hvernig best sé að standa að fundum**
7. **Deildarformenn segja frá hvað þeim finnst**
8. **Flutningur sjúkraliða milli svæðisdeilda - upplýsingar**

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands bauð fundarmenn velkomna á zoom - fund og fór yfir þetta nýja fyrirkomulag, s.s að funda 1. þriðjudag í hverjum mánuði. Ákveðið var að halda þessu áfram á meðan COVID ástandið er í gangi og miða við að funda eina klukkustund.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Greiðslur vegna fundarsetu

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS), gjaldkeri SLFÍ fór yfir það fyrirkomulag sem ákveðið var á fundi framkvæmdastjórnar nú í september varðandi fundargreiðslu vegna zoom fundanna. Ákveðið var að hafa greiðslurnar með sama hætti og gert er varðandi fundi hjá Svæðisdeildum SLFÍ, 8000 kr,- fyrir hvern setinn fund. JJS mun skrá niður mætingar á fundina. Allir samþykkir þessu.

4. Kjarasamningar - upplýsingar um innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar

SBF fór yfir stöðu mála varðandi innleiðingu styttingar vinnuvikunnar með áherslu á dagvinnuna. Allir sem þar koma að eru í góðri samvinnu um þessi mál er varða innleiðinguna á styttri vinnuviku og er forsvarið á borði svonefnds innleiðingarhóps sem í sitja fulltrúar frá vinnuveitendum og stéttarfélögum. SBF benti á link á heimasíðu félagsins – betri vinnutími og á betrivinnutimi.is, en þar eru allar upplýsingar og myndbönd með fræðsluefni að finna varðandi innleiðinguna. SBF hvetur stjórnarmenn til að benda á og tala um þessa síðu á sínum svæðum og þá sér í lagi ef einhver umræða er á röngum nótum. SBF sagði að frá því komið hafa fram fyrirspurnir varðandi sjúkraliða sem vinna dagvinnu, en vinna í vaktavinnuumhverfi og hafa fengið greidda kaffitíma. Þessir sjúkraliðar missa greiðslurnar fyrir

kaffítímann og að óbreyttu lækka þeir í launum. Fram kom að það eigi engin að lækka í launum við þessar breytingar á kjarasamningum og að laun þessara aðila verði leiðrétt. SBF sagði að fulltrúar félagsins væru búnir að óska eftir fundi um þetta með innleiðingarhópnum.

5. Aðalfundir deilda - samtal um hvernig best sé að standa að fundum

SBF fór yfir áhyggjur stjórnarfólks varðandi aðalfundi deilda sem ættu að vera á bilinu september til desember, en vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í þjóðfélaginu sé það varla gerlegt. SBF óskaði eftir álitum formanna landshlutadeildana á hvernig þeir sjái stöðuna fyrir sér:

- Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
ÁSK segir að stjórn deildarinnar hafi ekkert hist nýverið og því hafi þessi mál ekki verið rædd sérstaklega né ákvörðun tekin um málið. ÁSK segist þó reikna með að stjórnarmenn vilji vera áfram og henni hugnist að hafa fundin rafrænan.
- Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
GEB sagði að hún væri ekki tilbúin að halda fund eins og staðan væri í dag í þjófélaginu og ekkert hafi verið rætt um þessi mál í stjórninni hjá henni. GEB segist vera sammála því sem kom fram hjá ÁSK.
- Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
HDS var búin að hugsa sér að halda aðalfund deildarinnar eftir 2 vikur, en eins og staðan er núna þá verið ekkert úr því. HDS sagði að henni fyndist zoom-fjarfundur vera síðasta kosturinn því venjulegir fundir væru alltaf bestir.
- Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild
HS segir að lítið hafi verið rætt um þessi mál í stjórninni hjá sér og auglýsa þurfi fundin með tveggja vikna fyrirvara og höfðu þær hugsað sér að halda aðalfundin 1. nóvember. HS benti á að Austfjarðadeildin þurfi ávallt að huga að veðri og færð við skipulagningu á aðalfundi. HS nefndi að hún hafi hugsað um fjarfundi eða fréttabréf með efni aðalfundar. SBF bendir að fréttabréf sé gott mál um almenn málefni, en ekki varðandi aðalfundastörf og þau málefni, sem þar eru tekin fyrir og rædd.
- Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
HSS segir að stjórnarmenn hafi ekki náð að fara yfir málið þannig að ákvörðun liggi fyrir. HSS á ekki von á að það verði gerðar breytingar í stjórn deildarinnar. HSS spyr hvort ekki sé ráðlegast að fresta aðalfundum fram á vorið.

- Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild

ILS veltir því fyrir sér hvort auglýsa þurfi eftir fulltrúum í laus sæti í stjórn. SBF benti á að það þurfi, en þeir sem eru í stjórn geta gefið kost á sér áfram. SBF segir að ef fleiri bjóði sig fram þá þurfi að kjósa á aðalfundinum.

- Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild

JGÞ segir að stjórn deildarinnar hafi rætt stöðu mála, en veiran hefur komið illa niður á Vestfjörðunum og heilbrigðisstofnunni þar og um það eru allir meðvitaðir. Það eru einnig skýr skilaboð frá vinnuveitendum að heilbrigðisstarfsmenn forðist sem mest fjölmenni. JGÞ sagði að vangaveltur séu líka um hvort hægt sé að halda aðalfundinn rafrænt þar sem einhverjir stjórnarmenn gætu hugsað sér að hætta í stjórninni. JGÞ sagði frá því að stjórnendur HVEST væru að leita að fólki í nýtt fagráð og búið væri að auglýsa eftir sjúkralið, en enn hefur engin gefið kost á sér í það verkefni.

- Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild, formaður og Matthildur Ólöf

Guðmundsdóttir, Suðurnesjadeild, varmaður

VM sagði frá því að allir í stjórninni hjá sér væru að klára kjörtímabilið og vildu gjarna láta af stjórnarstörfum. Leit væri í gangi að nýju og áhugasömu fólki og færi sú leit til að byrja með í gegnum trúnaðarmenn. SBF velti því fyrir sér hvort deildin þurfi að fá aðstoð frá SLFÍ til að finna fulltrúa. VM taldi það geta komið til og ef svo yrði þá myndu þau leita eftir aðstoð.

SBF benti að starfsmenn á skrifstofu SLFÍ geti aðstoðað varandi fundarhald á netinu og verið ef óskað væri eftir fundarstjórar.

- Þórhildur Una Stefánsdóttir formaður Reykjavíkurdeildar

ÞUS sagði frá því að stjórnin hjá sér hafi ekkert hist og öllu hefur verið frestað á þeirra vegum og leggur til að öllu verið fresta í eitt ár. ÞUS leggur til að biðlað verði til allra félagsmanna um að þær stjórnir sem sitja fái heimild til að vera áfram þar til covid-öldurnar lægja. ÞUS minnti á ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna, sem fælist m.a. í halda sig sem mest frá fjölmenni og fara að tilmælum sóttvarnarteymisins.

SBF fór yfir það að eftir þessa yfirferð þá sé það ljóst að allir eru á því að bíða fram á veturinn og sjá hver þróunin verður.

6. Flutningur sjúkraliða milli svæðisdeilda - upplýsingar

SBF fór yfir mál sem rætt var á síðasta félagsstjórnarfundum um að sjúkraliðar á Hvammstanga hafi óskað eftir flutningi úr Vesturlandsdeild yfir í Norðurlandsdeild vestri. Fram kom að nauðsynlegt sé að ganga úr skugga um að þessi áhugi á flutningi milli deilda sé almennur á meðal sjúkraliðanna á Hvammstanga áður en frekar verði aðhafst. Það liggur fyrir að á Hvammstanga eru sjúkraliðar sem starfa á hjúkrunarheimilinu, hjá ríki og þarna eru sjúkraliðar sem starfa hjá sveitarfélaginu og eru á samningi sveitarfélaga. Vegna laga/reglna um persónuvernd þá er ekki hægt að senda upplýsingar um viðkomandi sjúkraliða á milli svæða. Trúnaðarmaðurinn á Hvammstanga er með þessar upplýsingar og mun framhaldið verða að þær leggja fram á aðalfundi deildarinnar tillöguna um að óska eftir flutningi á milli deilda og þar verði kosið um tilfærsluna á milli deilda. Ef flutningurinn verður samþykktur á fundinum þá muni deildarformaður senda beiðnina fyrir næstkomandi þing félagsins.

Önnur mál.

- HDS veltir fyrir sér varðandi stjórnarmann sem er á tímavinnusamning hvort hann sé ekki í góðu gildi áfram sem stjórnarmaður. Málið rætt og fram kom að meðan hann er með ráðningarsamning þá er hann fullgildur félagsmaður og getur setið í stjórn.
- GÖG minnir stjórnarmenn á að vera vakandi fyrir villandi umræðu/fullyrðingum um kjarasamningsatriði í innleiðingafærlinu við styttingu vinnutímans og er þar sérstaklega bent á þær umræður sem hafa verið varðandi kaffitímann og matartímann.
- HDS spyr varðandi þrif á sumarbústöðum í því umhverfi sem nú er. GÖG segir að sum félög séu að velta því fyrir sér að loka fyrir leigu á sumarbústöðum og hafa heyrst t.d þær hugmyndir að leigja bara út um helgar. GÖG segir hvað varði haustþrif á bústöðunum þá verði það skoðað í rólegheitunum.
- GÖG segir að stjórn orlofssjóðs þurfi fljótlega að taka ákvörðun varðandi útleigu á bústöðum félagsins í því ástandi sem nú geisar.

Fundi slitið kl. 15.54